**Ed.** **921. Breytingartillögur** [392. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Við 1. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Fæðist barn andvana, eða ef um er að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu, greiðist fæðingarstyrkur í þrjá mánuði.
2. Við 2. gr. Síðasti málsl. l-liðar orðist svo: Ef móðir fæðir andvana barn eða missir fóstur eftir 20 vikna meðgöngu skulu fæðingardagpeningar greiddir í þrjá mánuði.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal þegar í stað skipa nefnd með aðild samtaka vinnumarkaðarins sem hafi það verkefni að gera tillögu um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.